



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 28. júní, 2007

Ákvörðun nr. 35/2007

**Endurskoðun skilyrða samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 20/2005 , Samruni FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf.**

**I.**

Aðdraganda þessa máls má rekja til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 20/2005 *Samruni FL Group hf., Bláfugls hf., og Flugflutninga ehf.* (hér eftir nefnd ákvörðunin). Samkvæmt ákvörðuninni var samruna framangreindra félaga sett skilyrði sem nánar eru tilgreind í 1.-11. gr. í ákvörðunarorði. Skilyrðin áttu m.a. að tryggja viðskiptalegt sjálfstæði Bláfugls og Flugflutninga og að þessi fyrirtæki gætu veitt Icelandair Cargo fulla og óskoraða samkeppni í flugflutningum til og frá Íslandi. Til þess að stuðla að framangreindu var fyrirtækjunum t.a.m. bannað að hafa með sér hvers konar samvinnu sem takmarkað gæti samkeppni.

Í ákvörðuninni segir jafnframt:

*„Samkeppnisráð mun í síðasta lagi 1. júlí 2007 taka afstöðu til þess á ný hvort breyttar aðstæður á markaði fyrir flugflutninga milli Íslands og áfangastaða erlendis gefi tilefni til að framangreind skilyrði verði tekin til endurskoðunar. Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða stjórnvaldssekt og/eða refsingu skv. viðurlagakafla samkeppnislaga.“*

Í þeim tilgangi að meta hvort aðstæður á markaði fyrir flugflutninga milli Íslands og áfangastaða erlendis hafi breyst með þeim hætti að ástæða sé til að taka skilyrði umræddrar ákvörðunar til endurskoðunar taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að óska eftir upplýsingum frá Icelandair Group, f.h. Icelandair og Icelandair Cargo annars vegar og frá Bláfugli og Flugflutningum hins vegar. Var fyrirspurnarbréf sent aðilum þann 24. maí sl. og þeim jafnframt gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum um aðstæður á markaðnum og hvort þeir teldu þörf á því að endurskoða umrædda ákvörðun. Svör bárust með bréfum, dags. 8. júní sl.

Þeim upplýsingum er fram koma í svarbréfunum var hins vegar í verulegum atriðum áfátt, einkum hvað varðar stjórnarsetu félaganna, auk þess sem upplýsingar um verðbreytingar voru verulega ófullnægjandi. Með tölvubréfi þann 19. júní sl. bárust Samkeppniseftirlitinu hins vegar fullnægjandi upplýsingar um stjórnarsetu í Icelandair Group í kjölfar ábendinga eftirlitsins þar um.



Samkeppniseftirlitið sendi samsvarandi beiðni um upplýsingar til Iceland Express og Avion Group (Air Atlanta). Bréf Iceland Express barst eftirlitinu 19. júní sl., en þeim upplýsingum var einnig áfátt og því óskað eftir nánari upplýsingum með tölvubréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 20. júní sl. Þær upplýsingar hafa hins vegar ekki borist. Ekki hefur enn borist svar frá Avion Group, en ítrekunarbréf var sent þann 22. júní sl.

Með bréfi, dags. 20. júní sl., var Icelandair Group og Bláfugli<sup>1</sup> tilkynnt að gagnaöflun hefði orðið tafsamari en ætla mátti og að til álita kæmi að taka ákvörðun í máli þessu og framlengja um þrjá mánuði endurskoðunarfresti ákvörðunar nr. 20/2005. Var aðilunum jafnframt gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum vegna þessa. Gagnlisti málsins var meðfylgandi.

## II.

Svar Icelandair Group barst með tölvubréfi þann 27. júní sl. Þar kemur fram það mat félagsins að Samkeppniseftirlitinu sé ekki heimilt að framlengja skilyrði ákvörðunar nr. 20/2005. Umrædd ákvörðun sé byggð á sátt milli aðila málsins sem hafi sama gildi og stjórnvaldsákvörðun. Skilyrðin séu íþyngjandi og þeim geti einungis verið viðhaldið með sérstakri ákvörðun þar um.

Að mati félagsins hefur tilvísun Samkeppniseftirlitsins til þess að gagnaöflun hafi reynst tafsamari en ætla mátti ekki þýðingu. Ákvörðun um að hefja ekki rannsókn fyrir en þann 24. maí sl. geti ekki talist málefnaleg skýring á því að framlengja skilyrði ákvörðunarinnar. Þá er því mótmælt að upplýsingagjöf félagsins hafi verið ófullnægjandi. Engar athugasemdir bárust frá Bláfugli.

## III.

Eins og fram hefur komið ber samkvæmt umræddri ákvörðun samkeppnisráðs að taka til skoðunar fyrir 1. júlí 2007 hvort breyttar aðstæður kalli á endurskoðun á skilyrðum hennar. Fyrir liggur hins vegar að gagnaöflun í málinu hefur orðið tafsamari en ætla mátti. Umbeðnum gögnum frá aðilum málsins hefur í verulegum atriðum verið áfátt. Jafnframt hafa mikilvæg gögn sem óskað hefur verið eftir frá öðrum en aðilum þessa máls og varða aðstæður á umræddum markaði, ekki borist Samkeppniseftirlitinu þrátt fyrir ítrekun þess efnis. Þá gefa þau gögn sem Samkeppniseftirlitið hefur fengið í hendur til kynna að þörf sé á frekari rannsókn varðandi aðstæður á markaðnum.

Að mati Icelandair Group er Samkeppniseftirlitinu einungis heimilt að viðhalda skilyrðum ákvörðunar nr. 20/2005 með sérstakri ákvörðun þar um. Í þessu sambandi er rétt að áréttta að Samkeppniseftirlitið getur í samrunamálum ávallt tekið nýja ákvörðun ef það telur að bæta þurfi úr eða auka við þá ákvörðun sem fyrir liggur, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 11/1996 *Olíufélagið hf. og Kristinn Hallgrímsson gegn samkeppnisráði*. Þá leggur rannsóknarreglan í 10. gr. stjórnisýslulaga þá skyldu á Samkeppniseftirlitið að sjá til þess að málsatvik séu

---

<sup>1</sup> Í svarbréfi frá Bláfugli dags., 8. júní sl. kom fram að Bláfugl og Flugflutningar hafi sameinast 1. janúar 2007.



nægjanlega upplýst áður en endanleg ákvörðun er tekin. Tilmælum hefur verið beint bæði til aðila þessa máls sem og annara aðila sem hagsmuna eiga að gæta og starfa á viðkomandi markaði, að upplýsa mál þetta og leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru og með sanngirni má krefja um. Framangreint hefur hins vegar ekki gengið eftir þrátt fyrir ítrekanir Samkeppniseftirlitsins.

Að öllu framangreindu virtu og í ljósi þess tímaramma sem endurskoðunarákvæði ákvörðunar nr. 20/2005 kveður á um, er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að viðhalda um þriggja mánaða skeið öllum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í ákvörðuninni. Að þeim tíma loknum mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort núverandi aðstæður á markaði og þróun mála frá 2005 kalli á frekari breytingar á umræddri ákvörðun samkeppnisráðs.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Skilyrði í 7. gr. ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 20/2005 orðist svo:**

***Meðal annars til að stuðla að því að 1. og 2. gr. ákvörðunarorðs þessa nái fram að ganga verður Bláfugli hf. og (eftir atvikum) Flugflutningum ehf. skylt fram til 1. október 2007 að kaupa flugafgreiðslu og tengda þjónustu af öðrum flugafgreiðsluaðila en Flugþjónustunni á Keflavíkurflugvelli ehf., enda séu verð og viðskiptakjör þess aðila vegna þjónustunnar sambærileg því sem Bláfugli ehf. kynni að bjóðast hjá Flugþjónustunni á Keflavíkurflugvelli ehf.***

**Skilyrði í 11. gr. ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 20/2005 orðist svo:**

***Samkeppniseftirlitið mun í síðasta lagi 1. október 2007 taka afstöðu til þess á ný hvort breyttar aðstæður á markaði fyrir flugflutninga milli Íslands og áfangastaða erlendis gefi tilefni til að framangreind skilyrði verði tekin til endurskoðunar. Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða stjórnvaldssekt og/eða refsingu samkvæmt viðurlagakafla samkeppnislaga.***

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson